




Háteigur



13. árgangur 11. tbl.

14. desember 2009

Gleðileg jól!

<http://hateigsskoli.is>

Jólapistill skólustjóra

Ágætu lesendur

Nú ganga jólin í garð í nyrstu höfuðborg heimsins. Í þeirri borg veitir ekki af að skreyta mikið og vel, lýsa upp og taka til mat. Óvíða er jafn mikið jólastand og á Íslandi. Alltaf koma jólin snögg og óvænt hjá okkur fullorðna fólkinu þó að margir séu fyrirhyggjusamir og byrji snemma að undirbúa. Við gætum þess til dæmis að panta kirkjuna fyrir unglingsstigið snemma á árinu. Stjórn foreldrafélagsins ræddi snemma í haust við okkur um hangikjötsveislurnar. Hjá unga fólkinu líður tíminn hægar enda hefur hvert augnablik fleiri undrunarefni en hjá hinum eldri.

Við finnum að nú í þeim þrængingum sem þjóðin gengur í gegnum hugsa margir til baka til gamalla gilda og víst er að Íslendingar eru nú þjóðlegri en oft áður. Nú sér maður fleiri lopapeysur og margar konur eru með ýmislegt á þrjónunum. Í Háteigsskóla hefur orðið nokkur breyting á húsakynnum. Fyrir nokkrum árum hættum við að setja upp gluggamyndirnar sem snúa út að Háteigsvegi. Nokkrir eldri nemendur og kennarar hafa saknað myndanna og sumir héldu að þær væru týndar og tröllum gefnar. Nei, ekki voru þær týndar. Myndunum hafði lengið verið haldið við með viðgerðum og voru orðnar svo illa farnar að það þótti ekki forsvaranlegt að setja þær fyrir gluggana nema þær yrðu endurgerðar. Svo var það í janúar á þessu ári að Sigríður Jóna myndmenntakennari hóf að endurgera myndirnar. Þetta eru merkilegar myndir vegna þess að fyrstu skissurnar voru gerðar 1972. Ég hef séð skissurnar og á þeim sést að mikið hefur verið lagt í að finna lausnir og leiðir. Myndirnar eru mikil þryði og það er jólalegt að aka framhjá og horfa heim að skólanum frá Háteigsvegnum í jólamyrkrinu og hvet ég alla til að njóta myndanna, annað hvort með að ganga framhjá eða líta út um bílgluggann þegar þið komið heim úr jólaerindunum. Nánar er sagt frá myndunum á öðrum stað í bréfinu.

Nú í aðdraganda jólanna var gott að heyra þær fregnir að ekki yrði farið út í að stytta skólaárið eða að stytta skóladaginn eins og til stóð hér í Reykjavík. Slíkar upplýsingar hefðu fyllt marga kvíða sem tilheyra skólunum. Við vitum hins vegar að enn þarf að gæta mikils aðhalds í öllum rekstri þó að ekki komi til skerðingar á tímamagni skólanna. Það er fagnaðarefni ef tekst að halda grunnþjónustu

skólanna. Grunnþjónusta er sú starfsemi sem sagt er fyrir um í lögum að skólinn eigi að halda úti.

Margt bendir til að bæði yfirvöld og fólk í landinu séu að stíga skynsöm skref þó að annað bendi til hins gagnstæða en þannig er það bara á ögurstundum. Þess vegna er gott að leyfa sér að hlakka til jólanna og lífa anda þeirra því að þau gefa okkur sigurhugmyndir hvort sem það er jólasagan sjálf eða náttúran sem byrjar að veita okkur meiri birtu. Látum anda jólanna og boðskapinn um frið fylla vitund okkar bjartsýni og hugsa til þess sem oft er sagt að allt batni með hækkandi sól.


Með ósk um gleðileg jól,
Ásgeir Beinteinsson,
skólustjóri Háteigsskóla

Brunaæfing

Þriðjudaginn 1. desember var haldin brunæfing hér í skólanum. Búið var að gera rýmingaráætlun og teikna upp flóttaleiðir í samráði við forvarnardeild Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins. Leiðbeiningar voru settar upp í öllum stofum og kennarar kenndu börnunum rétt viðbrögð ef þyrfti að rýma húsið. Allir fengu að vita með fyrirvara að brunæfing yrði haldin þennan dag og tóku börnin skó og yfirhafnir með sér inn í stofur. Þegar brunabjöllum var hringt streymdu allir út úr húsinu, bæði nemendur og starfsfólk skólans. Sumir prófuðu brunastigana og 1. bekkingar fóru út um glugga á sinni stofu. Allt gekk einstaklega vel að mati fulltrúa forvarnardeildar SHS og tók ekki nema 5 mínútur að rýma skólann.

Kettir

1. bekkingar teiknuðu marga skemmtilega ketti um daginn. Um leið voru þeir að leika sér með mynstur. Kettirnir munu því skreyta jólablaðið. Við gerum þó ekki ráð fyrir því að þetta séu jólakettir.



Jóla-Óli

Jóla-Óli
var á hjóli
datt á hólí
í hvítum kjóli.

Finnbogi Kristinn Tryggvason, 5. bekk

Nýtt netfang foreldrafélagsins


Foreldrafélag Háteigsskóla hefur eignast nýtt netfang, foreldrafélag@hateigsskoli.is. Þeir sem eiga erindi við foreldrafélagið eru vinsamlegast beðnir um að nota það netfang.

Gleymni jólasveinninn

Einu sinni var jólasveinn sem hét Stekkjastaur. Hann gaf öllum börnunum í skólinn. En þegar hann kom heim til Grýlu þá gleymdi hann að gefa Tómasi í skóinn.

Hann sagði við bróður sinn, hann Giljagaur að hann þyrfti að gefa Tómasi tvo pakka í skóinn og hann gerði það. Næsta morgun vaknaði Tómas og hann sá að það voru tveir pakkar í skónum og hann sagði mömmu sinni það og hann varð mjög ánægður.

Sara White, 4. bekk



Týndur?

Árið 2002 týndist Stúfur. Hann týndist í snjónum. Síðan kom krakki og tók hann Stúf. Mía Kjartansdóttir, 3. bekk

Jólasveinninn

Einu sinni var strákur sem hét Ólafur og hann var hrekkjusvín. Hann stríddi öllum. 11. desember setti hann skóinn í gluggann. 12. desember vaknaði hann og hann sá að í skónum var úldin gulrót og bréf á. Þar stóð: „Ef þú hagar þér ekki vel, færð þú bara úldna gulrót í skóinn.“ Hann ætlaði að haga sér vel það sem eftir var af lífi hans.

Guðrún Jóhannesdóttir, 4. bekk

Hafmeyjan Hafdís

Einu sinni fyrir mjög stuttu síðan var hafmeyja. Hún hét Hafdís. Einn daginn þá eignaðist hún nýja vinkonu. Þær voru mjög góðar vinkonur. Þær voru saman í skóla. Dag einn týndust þær. Straumurinn barði þær niður í á. Þær syntu og syntu og sporðurinn hamaðist. Loksins komu þær heim. Því var mikið fagnað. Brynjólfur Skúlason, 3. bekk

Smákökur í Háteigsskóla, jólin 2009

Öll börn sem eru í heimilisfræði fá að baka smákökur fyrir jólin. Hver bekkur fær sína uppskrift og geta foreldrar fengið uppskriftina hjá sínu barni ef þeir vilja: 1. bekkur bakar piparkökur, 2. bekkur konfektsmákökur, 3. bekkur Rice Crispies jólasmákökur, 4. bekkur súkkulaðismákökur, 5. bekkur sparikökur, 6. bekkur smákökur með súkkulaðibitum, 7. bekkur dropasmákökur og 8.


8. bekkur bakar dömu- og herrakökur.

Erna Benediktsdóttir, heimilisfræðikennari

Apinn

Einu sinni var api. Hann var að klífra og hann datt úr trénu og rófubrotnaði. Svo kom maður og bjargaði honum og setti hann í dýragarðinn. Apinn varð ánægður.

Ásgrímur Heiðarr Ásgrímsson, 3. bekk



Jólaljóð

Þau svifu um svo hrein og tær
snjókornin sem féllu í gær,
eitthvað var í vændum og allir fundu það,
völdu sér penna og skrifuðu á blað:

Óskalistinn minn í ár
ekki metinn er til fjár.
Ég vil halda heilög jól
og gera það sem guð mér fól,
gera öðrum mönnum vel
og styrkja allra hugarþel.

Jólin eru að koma
það sér maður hver,
fislétt snjókornið settist
á öxlina á mér.

Elín Metta Jensen, 9. bekk

Bekkjarmyndir

Í samráði við foreldrafélag skólans hafa verið pantaðar bekkjarmyndatökur. Að þessu sinni verða teknar myndir af fyrsta, fjórða, sjöunda og tíunda bekk. Myndataka verður í sal skólans mánudaginn 8. febrúar og verður betur auglýst þegar nær dregur. Eins og á síðasta skólaári er það Bjarni Jónsson ljósmyndari hjá ljósmyndastofunni Mynd sem sér um tókurnar. Einungis verða teknar hópmyndir og verðið á myndinni er kr. 2500.




100 bóka hátíð

5. GH náði því markmiði í nóvember að skrá 100 bækur á bókaorminn sinn sem er vistaður á www.bokaormar.khi.is


og líka þrjónaður í stofu eins og hér sést til hliðar ásamt orminum úr DM bekknum. En í bókaorminn eru skráðar þær bækur sem nemendurnir hafa lesið. Í tilefni af því var haldin 100 bóka hátíð í bekknum og á hátíðinni hafa nemendur kynnt skemmtilegar bækur, samið ljóð og ýmislegt fleira. Hér eru tvær vísur eftir efnilegt skáld í bekknum:

Fimmti GH frækinn er
fyrir hundrað bækur.
Hekla hress í marki ver,
hópurinn er sprækur

Hundrað bækur höfum við
haft á okkar snærum.
Leikum okkur hlið við hlið,
lúsiðin og lærum.



Jóna Gréta Hilmarsdóttir



Saga af köngulóm



Þetta eru köngulær. SEM ERU BESTU VINIR.
SEM LEIKA SÉR ALLTAF SAMAN. VEIÐA SAMAN
AN. OG FERÐAST SAMAN. ÞÆR GERA ALLT
SAMAN. SEM ER NÆR SÓLINNI HEITIR SNÆÁLFUR
FUR EN SEM ER FJÆR SÓLINNI HEITIR
SNÆFRÍÐUR OG ÞAU ERU SISTRINI

Þetta eru köngulær sem eru bestu vinir. Sem leika sér alltaf saman, veiða saman og ferðast saman. Þær gera allt saman. Sú sem er nær sólinni heitir Snæálfur en sú sem er fjær sólinni heitir Snæfríður. Þau eru systkini.

Tómas Vilhelm Hafliðason, 2. bekk

Úti í snjónum

Einu sinni var lítil stelpa sem hlakkaði rosalega til jóla og fór alltaf út ef það var snjór. En þennan dag var hún veik svo hún mátti ekki fara út. Þá varð hún leið því hana langaði svo út. Þá hugsaði hún hvað hún gæti gert, „kannski get ég notað gervisnjó“, nei. Svo las hún í smástund. Hún var að lesa Steindýrin. Hún var komin býsna langt í bókinni. Svo hætti hún að lesa og kíkti út um gluggann. Þar sá hún vini sína skemmta sér í snjónum.

„Ohh,“ hugsaði hún, „en hvað ég vildi að ég væri ekki með kvef. En kannski ef ég verð í rúminu og fer snemma að sofa þá kannski batnar mér.“ Svo klukkan 8 fór hún að sofa. Næsta dag var hún ekki lengur með kvef og hljóp út í

glugga. Það var ennþá snjór. „Jibbí“, sagði hún og hljóp niður að klæða sig. Hún spurði eftir vinum sínum en allir voru með kvef. „Æi, ertu að grínast“, sagði hún og labbaði heim til sín. Hún sagði, „allir eru með kvef.“ „Kemurðu kannski á skíði?“ spurði pabbi hennar. „Auðvitað! Getum við farið núna?“ „Við ætlum að fara núna“ sagði pabbi hennar. „Jibbí! Förum inn í bíl.“ Svo keyrðu þau af stað og skemmtu sér vel.

Dagbjört Hanna Baldursdóttir, 3. bekk

Í jólaskapi

Einu sinni var jólasveinn. Hann hét Kjötkrókur. Hann var alltaf í jólaskapi. Aron Kristinn Ágústsson, 3. bekk



Netöryggi

Leikhópnum Elítunni var boðið að sýna verkið *The Internet* á ráðstefnu á vegum Safer Internet Centers. Fulltrúar frá 27 Evrópulöndum ásamt fulltrúum ýmissa ráðuneyta og stofnana á Íslandi komu á ráðstefnuna. Ráðstefnan var haldin hér á landi 1. desember. Elítan samanstendur af tíu nemendum í 10. bekk í Háteigsskóla. Leikhópurinn var stofnaður í tengslum við leikrit og stuttmynd sem hópurinn gerði fyrir Heimili og skóla og fjallaði um netorðin fimm og hættur sem fylgja því að vafra um á Netinu. Hópurinn sýndi verkið *The Internet* á þýskri leiklistarháttíð sem kallast: „Theatre and music“ og fram fór í Kassel í Þýskalandi 14. til 20. september 2008. Myndir frá sýningunni eru á vef skólans undir 2008-2009 / Unglingastig. Safer Internet Centers er á vegum Insafe netöryggisáætlunar hjá þjóðum Evrópubandalagsins auk EES og er markmið þeirra að hjálpa foreldrum og kennurum að kenna ungu fólki að umgangast netið á öruggan hátt. Nánari upplýsingar um Insafe er á heimasíðu saft.is.

Lestin Tjú-tjú

Einu sinni var lest. Hún hét Tjú-tjú. Svo kom strákur í lestina. Hann nagaði neglurnar. Þá varð gólfíð allt út í nöglum. Þá sagði lestin, „það er bannað að naga neglurnar“. Þá hætti strákurinn að naga neglurnar.

Isabella María Eriksdóttir, 3. bekk

Aftur sigurvegari í myndbandakeppni

Fyrirtækið 66N efndi til myndbandakeppni grunnskólanna núna í haust. Fjöldi myndbanda bárust og fóru leikar svo að nemendur héðan sigruðu annað árið í röð í yngri flokki. Það voru nemendur í 5. DM sem höfðu skilað inn frábæru myndbandi um rafiðnað á Íslandi. Skólinn fékk fína myndbandsupptökuvél að launum og börnin fengu gjafabréf hjá 66N. Hægt er að sjá sigurmyndbandið á heimasíðu fyrirtækisins. Rannveig leiklistarkennari var vinningsliðinu til aðstoðar við gerð þessa myndbands.

Þeim er óskað innilega til hamingju!

Skákakademía Reykjavíkur í Háteigsskóla

Frá upphafi skólaársins 2009-2010 hefur Skákakademía Reykjavíkur verið með skákkennslu fyrir nemendur skólans. Félagið, sem var stofnað í maí 2008, vinnur að eflingu skáklistarinnar í Reykjavík, sérstaklega í grunnskólum borgarinnar. Þegar boð kom um skákkennslu var ákveðið að leggja megináherslu á yngstu árgangana. Námskeiði fyrir 3. bekk er nú lokið og nú stendur yfir námskeiði fyrir 2. bekk. Þegar því lýkur eftir áramótin er röðin komin að 1. og 4. bekk. Þá hefur einnig verið haldið styttra námskeiði fyrir nemendur unglingsstigs. Annað námskeiði fyrir unglingsstigi, ásamt skákmóti, er á dagskrá nú í desember. Skákkennarinn er Björn Þorfinnsson, alþjóðlegur meistari í skák, en hann var á árum áður í fræknu skákliði Æfingaskólans.

Samstarf og samvinna við Skákakademíuna hefur gengið mjög vel og ljóst er að þar eru fagmenn á ferð sem ná að kveikja áhuga nemenda á skáklistinni. Það er skemmst frá því að segja að bæði nemendur og kennarar hafa tekið þessu góða framtaki afar vel og vonandi fáum við og nemendur okkar að njóta krafta Skákakademíunnar áfram á komandi árum.

Þórður Óskarsson, aðstoðarskólástjóri

Gluggaskreytingar í anddyri skólans

Jólamyndirnar sem nú er búið að setja upp í gluggana sem snúa að Háteigsvegi voru gerðar á árunum 1972 - 1976. Það voru 12 ára nemendur, ásamt myndmenntakennara sínum Sigríði Jónu Þorvaldsdóttur, sem höfðu veg og vanda við gerð þeirra. Að sögn Sigríðar Jónu var á sínum tíma mikill áhugi við vinnuna og töldu nemendur það ekki eftir sér að mæta utan hefðbundins skólatíma. Fyrst voru myndirnar festar beint á glerið en svo voru smíðaðir utan um þær trérammar. Fyrsta árið voru gerðar myndir í tvo glugga, fæðing Jesú og vitringar. Síðan bættust fleiri við á næstu árum og verkinu lokið á tveimur óhlutbundnum myndum fyrir jólin 1976.

Það eru nú liðin 6 ár frá því myndirnar voru settar upp síðast, en þá hafði tímans tönn nagað þær og skemmt heldur illilega. Fyrir nákvæmlega ári var ákveðið að gera myndirnar upp með það í huga að setja þær aftur upp aftur fyrir þessi jól. Byrjað var á að hreinsa og mála rammana. Þá tóku við viðgerðir á böndum og endurnýjun á pappír í rúðunum. Að lokum var hluti myndanna klæddur með þunnu plexigleri til að verja þær skemmdum. Þetta hefur verið mikil vinna sem mest hefur mætt á Sigríði Jónu myndmenntarkennara sem af mikilli eljusemi hefur notað hverja lausa stund til að ná settu marki. Aðrir sem komið hafa að verkinu eru Jón Þorleifur umsjónarmaður, Guðfinnur Þórir starfsmaður og nemendur í myndlistarvali á unglingastigi. Þeim er öllum færðar bestu þakkir fyrir frábært verk.


Þórður Óskarsson, aðstoðarskólastjóri

Sagan af Leifi

Einu sinni var strákur. Hann hét Leifur. Hann var mjög mikill þakkari. Um jólin sagði afi alltaf sögur um jólaköttinn. Þegar afi sagði sögur varð Leifur svolítið hræddur. Á aðfangadag bankaði einhver á dyrnar. Leifur varð mjög


hræddur. Þegar pabbi hans opnaði kom stór og feitur maður úr dyrunum. „Hó, hó,“ sagði maðurinn. „Hver er þetta, pabbi,“ spurði Leifur. „Jólasveinninn,“ sagði pabbi. „Leifur fær ekki jólagjöf ef hann stríðir,“ sagði jólasveinninn. Leifur sagði að hann ætlaði aldrei að stríða aftur.

Jóna Lára Ármannsdóttir, 4. bekk



Tímarit í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk eru að vinna að því að búa til tímarit í tölvutímum hjá Guðfinnu kennara. Þau nota PowerPoint forritið og fara víða til að afla efnis. Ef allt gengur upp, verða alls 8 tímarit tilbúin seinna í vetur. Við hlökkum til að sjá afraksturinn.




Heimsókn frá leikskólunum

Fimmtudaginn 10. desember komu elstu nemendur leikskólanna í nágrenninu í heimsókn, en í hverfinu eru þrír leikskólar, Klambrar, Nóaborg og Stakkaborg. Tilgangur heimsóknarinnar var að hitta 1. bekkinga og syngja með þeim jólalög. Að söngnum loknum gæddu allir sér á safa og piparkökum.

Kónguló

Einu sinni var kónguló sem var að reyna að veiða flugu og gat það ekki og þá var hún mjög leið.

Hákon Jan Norðfjörð, 2. bekk



Einu sinni var kónguló
sem var að
reyna að veiða
flugu og gat það
ekki og þá var
hún mjög leið

Strákurinn sem trúði ekki á jólasveina

Einu sinni var strákur sem trúði ekki á jólasveinana sem gáfu í skóinn. Jólin nálgudust. Stekkjastaur átti að koma fyrstur. Um kvöldið reyndi hann að vaka alla nóttina, en um miðja nótt sofnaði hann og þegar hann vaknaði var búið að gefa í skóinn. Hann ætlaði að reyna þetta aftur og honum tókst það, en enginn var kominn. Hann fór til mömmu sinnar og sagði, „enginn er kominn að gefa í skóinn“, en hún var steinsofandi. Hann fór aftur í herbergið sitt og sá að það var búið að gefa í skóinn og eftir það trúði hann alltaf á jólasveina.

Viktor Andri Jónsson, 4. bekk

Spakmæli mánaðarins:
Viljið verða meistari tekurðu eina lotu enn.

Starfsemi Háteigsskóla 9. desember 2009 - 4. janúar 2010

	9. des.	10. des.	11. des.	14.-16. des.	17. des.	18. des.	21. des.-1. jan.	4. jan.
1. - 4. bekkur	Skv. stundatöflu. Hangikjöt í hádegi.	Skv. stundatöflu.	Skv. stundatöflu.	Skv. stundatöflu.	Viðvera kl. 10:10 – 13:40. Dagskrá í sal kl. 12:20.	Viðvera kl. 11:30 – 13:30. Jólátré kl. 12.	Jólafrí. Frístund opin virka daga.	Skv. stundatöflu.
5. - 7. bekkur	Skv. stundatöflu.	Skv. stundatöflu. Hangikjöt í hádegi.	Skv. stundatöflu.	Skv. stundatöflu.	Viðvera kl. 9:10 – 12:30. Dagskrá í sal kl. 10:30.	Viðvera kl. 10 – 12. Jólátré kl. 11.	Jólafrí.	Skv. stundatöflu.
8. - 10. bekkur	Jólapróf skv. próftöflu.	Jólapróf skv. próftöflu.	Jólapróf skv. próftöflu. Hangikjöt í hádegi.	Jólapróf skv. próftöflu.	Viðvera kl. 10 – 13. Valverkefni.	Kl. 8:45 í skóla. Kirkja kl. 9. Jólástund í skóla til kl. 11.	Jólafrí.	Skv. stundatöflu.